

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík.

1. gr.

Heiti.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og heitir Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík.

2. gr.

Heimili og varnarþing.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur skólans er að sinna tónlistaruppeldi samkvæmt hugmyndafræði Dr. Shinichi Suzuki. Markmið skulu tilgreind í skólanámskrá staðfestri af skólanefnd.

4. gr.

Stofnendur og framlagsfé.

Stofnendur skólans voru við stofnun þann 19. maí 2000, Íslenska Suzukisambandið og áhugafólk um Suzuki tónlistaruppeldi. Framlagsfé stofnenda var við stofnun kr. 500.000, en er í dag kr. 1.045.000.

5. gr.

Stofnfé og ábyrgð.

Stofnfé skólans er 1.045.000 kr. og er það bundið í húsnæði skólans að Sóltúni 24 í Reykjavík. Sjálfseignarstofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn skólans er í höndum skólanefndar. Skólanefnd fer með yfirstjórn skólans. Skólanefnd kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Skólanefnd ræður skólastjóra að skólanum, samþykkir fjárhags- og starfsáætlun skólans, fylgir henni fram og ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur um starfsemi tónlistarskóla. Nánar skal kveðið á um störf skólanefndar, þeirra sem fyrir hana starfa og störf nemenda í starfsreglum skólanefndar sem nefndin setur.

7. gr.

Skipun skólanefndar.

Skólanefnd skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður og einn varamaður skulu tilnefndir af foreldraráði skólans og tveir nefndarmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir sameiginlega af fráfarandi skólanefndarmönnum. Reykjavíkurborg skal boðið að tilnefna einn stjórnarmann til viðbótar við hina þrjá í samræmi við 4. mgr. 3. gr. gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Reykjavíkurborg skal eingöngu boðið að eiga fulltrúa í skólanefndinni á meðan framangreind lög eru í gildi eða að lagaboð mæli fyrir um þá skyldu.

Enginn nefndarmaður skal sitja lengur en tvö skipunartímabil í senn. Við fyrstu skipun skólanefndar á grundvelli skipulagsskrár þessarar skulu annar tveggja nefndarmanna ásamt öðrum tveggja varamanna, er tilnefndir eru af fráfarandi skólanefnd, vera skipaðir til tveggja ára í senn en til þriggja ára í senn eftir það og að öðru leyti í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

Þegar nefndarmaður hverfur úr skólanefnd á miðju tímabili, hvort heldur er aðalmaður eða varamaður, skal nýr nefndarmaður tilnefndur og skipaður í hans stað. Skal hin nýi nefndarmaður

gegna nefndarstörfum út skipunartíma þess nefndarmanns sem hann leysir af hólmi. Um tilnefningu og skipun hans fer að öðru leyti eftir 1. mgr.

Minnst einn aðili sem tekur sæti í skólanefnd skal, sé þess nokkur kostur, hafa faglega þekkingu af rekstri stofnana eða fyrirtækja. Nefndarmaður skal ekki vera starfsmaður skólans á sama tíma og hann situr í skólanefnd. Skulu allir nefndarmenn hafa búsetu hér á landi.

Skólastjóri skal sjá til þess að nefndin sé fullskipuð og starfhæf í síðasta lagi 1. október ár hvert.

8. gr.

Ákvarðanataka skólanefndar.

Skólanefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi fjallað um málið, sé þess kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á skólanefndarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Sé skólanefnd ekki fullskipuð, af ástæðum sem ekki verður við ráðið, og sé hún ekki ákvörðunarbær sökum þessa, skal skólastjóri fara með odda atkvæði þar sem þörf er á.

9. gr.

Starfsfólk.

Skólanefnd ræður skólastjóra, en hann ræður kennara og annað starfsfólk. Kennarar skólans skulu starfa eftir Suzukiaðferðinni eins og hún er skilgreind á alþjóðavettvangi á hverjum tíma, þannig að tryggt sé að skólinn standi faglega undir nafni.

10. gr.

Réttindi stofnenda og annarra.

Hvorki stofnendur né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda gagnvart sjálfseignarstofnuninni.

11. gr.

Lagaumhverfi.

Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 ásamt síðari breytingum og lögum nr. 19/1988 um sjálfseignarstofnanir.

12. gr.

Tekjur.

Tekjur skólans byggjast á fjárveitingum opinberra aðila, svo sem Reykjavíkurborgar, með hliðsjón af lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Jafnframt innheimtir stofnunin skólagjöld af nemendum skólans til að standa að öðru leyti undir kostnaði af rekstri hans, ásamt öðrum tekjum sem skólanum kunna að áskotnast.

Stofnuninni er heimilt að gera samninga um fjárstuðning eða annars konar stuðning við hvern þann sem vill veita stofnuninni fjárhagslegt lið eða nýta sér þjónustu hans. Skólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Sjálfseignarstofnuninni er heimilt að taka við öðrum fjármunum en reiðufé í tengslum við stofnunina.

13. gr.

Reikningsárið og endurskoðun.

Skólanefnd skal velja löggiltan endurskoðanda til tveggja ára í senn.

Starfsár og reikningsár skólans er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 31. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

14. gr.

Hagnaður og tap.

Hagnaði af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna sem skólinn fer með en þó er heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar skal greitt úr sjóðum hennar eða fært á næsta reikningsár.

Fjármunir stofnunarinnar skulu vistaðir og ávaxtaðir með öruggum og áhættulitlum hætti. Óheimilt er að nota fjármuni hennar í áhættusamar fjárfestingar. Óheimilt er að skuldsetja stofnunina nema þá aðeins í þeim tilgangi að mæta halla af rekstri hennar. Fjárhagsáætlanir skulu gerðar ár hvert og sé halli af rekstri stofnunarinnar skal í fjárhagsáætlun gera ráð fyrir því að hallanum verði mætt.

15. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samhljóða samþykki skólanefndar. Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar varðveittar eða nýttar í þágu tilgangs stofnunarinnar, samanber 3. gr.

16. gr.

Gildistaka.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað samnefndrar skipulagsskrár, sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, nr. 389/2000, með breytingum nr. 869/2002 og nr. 964/2010.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. júlí 2013.

Bjarni Stefánsson.

Lára Kristín Gísladóttir.